

21. september 2011

Sáttargerð vegna brots á 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 9. ágúst 2011 gerðu Fjármálaeftirlitið og Nýherji hf. með sér sátt vegna brots félagsins á 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Nýherji hf. við því að hafa brotið gegn 127. gr. vvl., með því að hafa ekki tilkynnt samdægurs um víðskipti stjórnarmanns félagsins þann 18. desember 2010, með hlutabréf útgefin af félaginu, ásamt því að hafa ekki tilkynnt um víðskipti með eigin bréf.

Í 127. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefanda til að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um víðskipti stjórnenda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, enda nemi markaðsvirði víðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 1.000.000,-.